

Deildarstjóri og leikskólakennari óskast í leikskólann Álfaborg, Reykholti



Leikskólinn Álfaborg auglýsir eftir metnaðarfullum deildarstjóra sem og leikskólakennara til starfa.

Leikskólinn Álfaborg er þriggja deilda leikskóli sem starfar í anda Reggio Emilia og er staðsettur í Reykholti, Biskupstungum. Nýtt og skemmtilegt húsnæði leikskólans var tekið í notkun í október 2019. Í leikskólanum starfar metnaðarfullt starfsfólk og mikil áhersla er lögð á góðan starfsanda og vellíðan barna. Auk þess er mikil og góð samvinna á milli leikskólans og grunnskólans Bláskógaskóla í Reykholti.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og Félags leikskólakennara. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í byrjun ágúst 2021. Þegar hæfasti umsækjandi hefur verið valinn verður óskað eftir undirritaðri heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá viðkomandi.

Starfsvið:

- Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags.
- Ber ábyrgð á stjórnun, skipulagningu, framkvæmd og mati starfsins deildarinnar
- Vinnur að uppeldi og menntun barna
- Foreldrasamstarf

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Góð íslensku kunnátta
- Sjálfstæði frumkvæði og góð samskiptahæfni
- Jákvætt viðhorf og sveigjanleiki í starfi
- Ánægja af því að starfa með börnum
- Reynsla er æskileg

Með umsókn um starfið skal fylgja skrá yfir menntun og starfsferil og afrit af leyfisbréfi, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið og upplýsingar um umsagnaraðila. Starfið hentar öllum kynjum. Nánari upplýsingar um starfið veitir Erla Jóhannsdóttir, leikskólastjóri í síma 480 3051. Umsóknir sendist á netfangið: alfaborg@alfaborgleikskoli.is

Umsóknarfrestur er til 15.júní 2021.

